

# Nesfréttir

FEBRÚAR 2021 • 2. TBL. • 34. ÁRG. • [www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)

Erum einnig á vísir.is



**Opið**  
**8-24**  
alla daga  
Á EIDISTORGI  
**HAGKAUP**

## Íþróttafólk Seltjarnarness 2020

Kjör íþróttamanna Seltjarnarness fyrir árið 2020 í kvenna- og karlaflokki fór fram fimmtudaginn 28. janúar og voru kjörin þau Anna Lára Davíðsdóttir handknattleikskona og Pálmi Rafn Pálmason knattspyrnumaður. Sjá nánar á bls. 6.

Mynd: Eyjólfur Garðarsson.

## Velkomin á Grandann

Nú sækjum við og  
skilum bílnum



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • [www.frumherji.is](http://www.frumherji.is) • Opið mánudaga–föstudaga kl 8–16:30



**KOMDU MEÐ BÍLINN  
Í TJÓNASKOÐUN**

### Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgeði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stöðjumst við tæknipplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



**Tjónaskoðun**  
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



**Rétting og málning**  
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



**Framrúðuskipti**  
Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bíl.



**Smáviðgerðir**  
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Draghals 6-8  
110 Reykjavík  
sími 567 0690  
netfang [tjon@tjon.is](mailto:tjon@tjon.is)  
[www.tjon.is](http://www.tjon.is)

# Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

## Leikskóli til framtíðar

Nú hefur verið auglýst breyting á deiliskipulagi vegna byggingu leikskóla á Seltjarnarnesi. Með auglýstu skipulagi er hafinn undirbúningur að einhverjum mestu framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á Nesinu í bráð.

Langi hefur verið ljóst að úrbóta væri þörf í málefnum leikskóla. Gömlu húsin á ráðhúsreitnum ganga úr sér og með nýju húsi verður til aðstaða fyrir einn leikskóla á Seltjarnarnesi.

Efnt var til samkeppni um nýjan leikskóla og bærust margar góðar hugmyndir. Sumar að glæsilegum mannvirkjum með rúmt notagildi.

Ljóst má vera að hér er á ferðinni krefjandi verkefni og mikið láttak fyrir lítið bæjarfélag að sinna. Spurning er um hversu langan tíma bæjaryfirvöld kjósa sér til verksins. En undan þessu verður ekki vikist

Að byggingu leikskólans lokinni mun Seltjarnarnesbær Askarta einhverjum best búna leikskóla á landinu. Leikskóla sem einnig er miðsvæðis og getur tekið við fjölgun barna á leikskólaaldri. Leikskóla sem byggður er til framtíðar.

## Undirbúningur leikskólabyggingar

# Breyting á deiliskipulagi auglýst



Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri, Magnús Örn Guðmundsson forseti bæjarstjórnar og Gestur Ólafsson formaður dómnefndar með vörðlaunahöfum í hönnunarsamkeppninni.

Undirbúningur er hafinn að byggingu nýs leikskóla á Seltjarnarnesi. Liður í því er að Seltjarnarnesbær hefur kynnt tillögu á vinnslustigi um breytingu á aðalskipulagi vegna byggingar leikskóla við Suðurströnd á vef sínum.

Bæjarráð Seltjarnarnesbæjar ákvað árið 2017 að skipa starfshóp til að skoða og koma með tillögum að því með hvaða hætti því markmiði bæjarstjórnar verði náð að taka inn börn frá 12 mánaða aldri í leikskóla bæjarins. Starfshópurinn skoðaði ýmsar leiðir til að mæta þörf fyrir allt að 300 leikskólapláss frá árinu 2022.

Niðurstaða starfshópsins var að leggja til byggingu á nýjum leikskóla og sameina um leið alla starfsemi leikskólans í einni starfsstöð. Bæjarráð lagði til á fundi í júlí 2018 að staðarval nýs leikskóla verði á núverandi svæði leikskólans, ásamt svæði sem gengið hefur undir nafninu Ráðhúsreitir.

Hönnunarsamkeppni um nýjan leikskóla fór fram á árinu. Alls bærust 27 tillögur frá innlendum og erlendum arkitektum. Tillaga Andrúm arkitekta nefnist Undrabrekka en höfundar hennar eru arkitektarnir Haraldur Örn Jónsson, Hjörtur Hannesson og Kristján Garðarsson.



**Búsetukjarni fyrir fatlaða við Kirkjubraut 20**

Bæjarráð samþykkir og gerir tillögu til bæjarstjórnar að úthluta leigulöð við Kirkjubraut 20, samkvæmt auglýstu deiliskipulagi fyrir byggingu sambýlis. Lóðin er 1900 fermetrar. Svæðið er vestan húsa nr. 16 og 18 við Kirkjubraut.

 **HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

**ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR**

Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!

[www.husavidgerdir.is/hafa-samband](http://www.husavidgerdir.is/hafa-samband)  
[info@husavidgerdir.is](mailto:info@husavidgerdir.is) - Sími 565-7070



 Finndu okkur á Facebook



aurum

— BY —  
GUÐBJÖRG

Bankastræti 4 | sími: 551 2770 | [www.is.aurum.is](http://www.is.aurum.is)

FRÍ HEIMSENDING HEIM AÐ DYRUM



Sæbraut 1 á Seltjarnarnesi oft nefnt Kjarvalshús.

## Pétur Árni keypti Kjarvalshúsið

Kjarvalshúsið Sæbraut 1 á Seltjarnarnesi hefur verið selt. Kaupandinn er **Pétur Árni Jónsson framkvæmdastjóri Heild fasteignafélagsins og aðaleigandi útgáfufélags Viðskiptablaðsins**. Kaupverðið mun vera 190 milljónir.

Kjarvalshúsið var byggt fyrir listamanninn Jóhannes Kjarval á sínum tíma og sem íslenska þjóðin færði honum húsið að gjöf. Hann vildi þó aldrei flytja inn í húsið og festu Högni Óskarsson geðlæknir og Ingunn Ósk Benediktsdóttir myndlistarmaður og jógakennari kaup á því árið 1991.

Högni rakti í viðtali við Nesfréttir fyrir nokkrum árum aðdraganda þess að þau festu kaup á húsinu. Hann sagði aðdragandann þann að þau hjónin hafi oft farið í ökuferðir um Nesið og þá komið auga á hús við austari enda Sæbrautarinnar sem þeim fannst dálítið geggjað. Húsið var í eigu ríkisins og þau fréttu síðar af því að ætlunin væri að selja það sem þá var í umsjón menntamálaráðuneytisins og Listasafns Íslands. Þau settu sig í samband við Beru Nordal sem þá var forstöðumaður safnsins til að tryggja aðkomu þeirra að söluferlinu. Síðan lásu þau í fréttum að Ólafur Ragnar Grímsson, þáverandi fjármálaráðherra hafði látið Sláturfélag Suðurlands hafa húsið í makaskiptum fyrir byggingar sem það átti á Kirkjusandi þar sem Listaháskóli Íslands er nú til húsa. „Okkur varð fljótt ljóst að sláturfélagið myndi ekki að eiga húsið til frambúðar svo Ingunn tók af skarið, settist að Steinþóri Skúlasyni, forstjóra SS og við keyptum húsið, sagði Högni í viðtalinu. Þau bjuggu í húsinu í 25 ár þar til árið 2016 að þau seldu Oliver Luckett húsið á 180 milljónir króna. Luckett er bandarískur viðskiptamaður sem rekur meðal annars fiskútflutningsfyrirtækið Niceland.

## Bubbi bætist í listamannaflóruna á Nesinu



Nesbali 46.

**Bubbi Morthens tónlistarmaður og eiginkona hans Hrafnhildur Hafsteinsdóttir hafa fest kaup á einbýlishúsi við Nesbala 46 á Seltjarnarnesi. Þetta er í annað sinn sem Bubbi flytur á Nesið en hann bjó á Eiðistorgi ásamt fyrri eiginkonu sinni um árabil. Hann var valinn Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2002. Hrafnhildur er heldur ekki ókunnug á Seltjarnarnesi en hún er alin þar upp.**

Bubbi bætist því í hóp listafólks á Seltjarnarnesi, en þar búa m.a. Ari Bragi Kárasón trompetleikari, Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarmaður

og tónlistarfræðingur, Björg Ísaksdóttir búningahönnuður og listmálari, Daníel Bjarnason tónlistarmaður, Elsa Nielsen grafískur hönnuður og listamaður, Freyja Gunnlaugsdóttir tónlistarmaður, Gísli Örn Garðarsson leikari og leikstjóri, Friðrik Karlsson tónlistarmaður, Jóhann Helgason tónlistarmaður, Jóhann G. Jóhannsson leikari, Jón Jónsson tónlistarmaður, Kristinn Hrafnsson myndhöggvari, Margrét Helga Jóhannsdóttir leikari, Nína Dögg Filippusdóttir leikari og leikstjóri og Sigga Heimis hönnuður.



## Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Bilasmiðurinn hf. Bildshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is

**Webasto**  
Feel the Drive

## FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA  
VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100  
Símar 562-1070, 896-4243  
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



# MotorMax

## Smurstöð

### Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 17:00

**ENGAR  
TÍMAPANTANIR!**

Motormax er þjónustufyrirtæki í glæsilegu húsnæði að Vatnagörðum 12.

Við leggjum áherslu á smurþjónustu og bílaprif. Renndu við engar tímapantanir í smurþjónustu.

Tímabókanir fyrir bílaprif í síma 545 4040 og á: [motormax@motormax.is](mailto:motormax@motormax.is)



Motormax ehf.  
Vatnagörðum 12  
Sími: 545 4040

[motormax@motormax.is](mailto:motormax@motormax.is)

## KJÖR Á ÍPRÓTTAMANNI OG KONU SELTJARNARNESS 2020

# Anna Lára og Pálmi Rafn kjörin

**Kjör íþróttamanna Seltjarnarness í kvenna og karlaflokki fór fram fimmtudaginn 28. janúar.**

Kjörið fór nú fram í 28. skiptið en það var fyrst haldið 1993. Kjórið er í umsjón íþrótt- og tómsundaneindar Seltjarnarness, sem vill með kjörinu vekja athygli á gildi íþróttá, öfluga

íþróttastarfi á Seltjarnarnesi og verðlauna sérstaklega afreksíþróttamenn úr hópi bæjarbúa.

Fimm tilnefningar bárust nefndinni þetta árið. Jafnframt voru veitt verðlaun til landsliðsfólks, ungs og efnilegs íþróttafólks auk þess sem bikarmeistarar voru sérstaklega verðlaunaðir.

Einnig voru veitt verðlaun fyrir félagsstörf.

Íþróttamenn Seltjarnarness 2020 eru Anna Lára Davíðsdóttir handknattleikskona og Pálmi Rafn Pálmason knattspyrnumaður.

### Anna Lára Davíðsdóttir – handknattleikur.

Anna Lára Davíðsdóttir er fædd árið 2000 og er uppalin Gróttu-kona. Hún hefur gegnt lykilhlutverki í meistara-flokki kvenna síðustu tvö ár þar sem þær hafa spilað í Grill 66 deildinni. Hún er gríðarlega öflugur leikmaður bæði varnar- og sóknarlega. Hún er nú fyrirliði liðsins og hefur sinnt því hlutverki af mikilli kostgæfni.

Anna Lára er gríðarlega metnaðarfull íþróttakona, frábær fyrirmynd sem verður gaman að fylgjast með í framtíðinni.



### Pálmi Rafn Pálmason – knattspyrna.

Pálmi Rafn Pálmason er 36 ára gamall og hóf meistaraflokksferilinn með Völsungi aðeins fimmtán ára gamall. Hann gekk í raðir KA og lék þar í þrjú ár, þar af tvö ár í úrvalsdeildinni. Árið 2006-2008 lék hann með Valmönnum og varð Íslandsmeistari með þeim árið 2007.

Frá árinu 2008 til 2014 lá leiðin í atvinnumennsku í Noregi og lék með Stabæk og Lilleström eða samtals 166 leiki í Norsku úrvalsdeildinni.

Pálmi flutti heim 2015 og leikur nú sitt sjötta tímabil með sigursælu liði KR-inga og er einn af lykilleikmönnum liðsins. Hann hefur leikið um 400 deildarleiki á ferlinum og skorað í þeim 100 mörk. Pálmi er gríðarlega sterkur leiðtogi bæði innan vallar og utan.



Tilnefndir 2020. Pálmi Rafn, Anna Lára og Ingi Þór. Á myndina vantar Hákon Rafn og Magnús Óla.



Efnilegt íþróttafolk sem stundar íþrótt sína á Seltjarnarnesi.



Landsliðsfólk sem stundar íþrótt sína á Seltjarnarnesi. Á myndina vantar Tinnu Brá.



Bikarmeistarar í 2. þrepi fimleikastíkans.



Viðurkenningar fyrir félagsstörf - á myndinni er Edda Ágústa Björnsdóttir.

**NIVEA**

**EXTRA  
RAKAGEFANDI  
MEÐ NÁTTÚRLEGU Q10  
& LÍFRÆNNI ARGAN OLÍU**

**Q10 POWER  
EXTRA NOURISHING**

- ✓ **MINNKAR HRUKKUR** á 4 vikum\*
- ✓ **STINNARI HÚÐ** á 2 vikum\*

\*klínísk könnun, 30 þátttakendur, 4 vikur.



INNIHELDUR GERJAÐ Q10 & NÁTTÚRLEGA, VERNDANDI ARGAN OLÍU.

## Viðtal við Sigurð Ásgrímsson

# Af sprengjufraeðum og námi í dönskum herskóla

- Sigurður Ásgrímsson yfirmaður séraðgerða og sprengjudeildar Landhelgisgæslunnar segir frá ævintýrum sínum fyrr og síðar

**S**igurður Ásgrímsson yfirmaður séraðgerða og sprengjudeildar Landhelgisgæslunnar spjallar við Nesfréttir að þessu sinni. Sigurður er Siglufirðingur að ætt og alinn þar upp. Var á sumrum í Eyjafirði á sveitabæ sem fyrir löngu er kominn undir byggð í Glerárhverfi. Fór í rúm þrjú ár til sjós eftir gagnfræðapróf en eftir það fluttist hann til Vestmannaeyja þar sem honum bauðst að fara í nám í rafvirkjun. Sigurður er giftur Ingibjörgu Ósk Þorvaldsdóttur kennara við Mýrarhúsaskóla og eiga þau þrjú börn sem öll eru alinn upp á Nesinu.

„Ég er alinn upp hjá föðurömmu minni Eiríksínu og Birni afa á Siglufirði og á ættir að rekja til Héðinsfjarðar og til Fljóta. Í sama húsi og við bjuggu líka Sveinn föðurbróðir minn og Hansína kona hans. Þau tóku við uppeldinu á mér þegar amma féll frá en þá var ég á tíunda ári. Á mínum æskuárum voru allir á kafi í síld og var ég settur á leikskóla ásamt öðrum börnum sem var staðsettur fyrir innan bæinn, en það héldu mér engar girðinga, og ég var alltaf kominn niður á bryggju þegar leið á daginn. Þannig að það var ákveðið að senda mig í sveit. Ég átti skyldfólk á bænum Kollugerði sem þá var rétt fyrir ofan Akureyri sem nú er löngu kominn undir íbúðabyggð í Glerárhverfi. Þar bjuggu Sigurður Björnsson frændi minn síðasti ábúandi í Héðinsfirði og móðir hans Anna sem var systir afa. Ég var þar á sumrin sem strákur og fram á unglingsár. Þar lærði ég að vinna ýmiss störf og var þetta góður tími sem ég hefði ekki vilja missa af, enda hafði ég mestan áhuga á því að gerast bóndi þegar þessari vinnuþensku lauk. Í Kollugerði var frændi minn sem hét Sigmundur S. Björnsson og var systursonur Sigurðar. Oftast kallaður Simmi. Hann var svolítið sérstæður, mjóróma og glerharður sjálfstæðismaður. Mætti á flesta ef ekki alla fundi sem sjálfstæðismenn stóðu fyrir. Eitt haustið, ég held ég hafi verið tíu eða ellefu ára þá kom ég heim úr sveitinni gallharður sjálfstæðismaður og afi sem var harður framsóknarmaður spurði einhvern tímunn þegar verið var að ræða pólitík við matarborðið hvað hefur eiginlega komið fyrir drenginn um leið og hann stóð upp frá borðinu.“ Sigurður segir að Siglufirðingar hafi sótt talsvert til Akureyrar en sjórin var eina samgönguleiðin meirihluta ársins. Strandferðabáturinn Drangur sigldi eftir áætlan á milli bæjanna. Ég man líka að ég fór með afa mínum sjóleiðina til Akureyrar. Hann var að



Sigurður Ásgrímsson yfirmaður séraðgerða og sprengjudeildar Landhelgisgæslunnar.

fara með bát sem hann átti Sigurð SI 90 ásamt bróður sínum til viðhalds og viðgerða í Slippnum á Akureyri. Vont var í sjóinn. Ég hef eflaust verið sjóveikur því ég man að ég var með hausinn út um brúarglugga á leiðinni. Svona voru samgöngurnar á þeim tíma. Þetta rifjast upp nú í vetrarveðrinu þegar fréttir berast af samgönguleysi og fólk kvartar í þessum gömlu áttögum manns.“

## Bauðst að læra rafvirkjun í Eyjum

Frá Siglufirði liggur leiðin til Vestmannaeyja. Hvernig bar það til. „Ég hafði áhuga á að læra rafvirkjun. Ég átti skyldfólk í Eyjum. Þrjár systur pabba bjuggu þar og maður einnar þeirra átti rafmagnsverkstæði sem hét Neisti. Hann vissi af áhuga mínum og bauð mér að koma til sín í nám. Ég tók því fagnandi þótt þetta væri alveg hinu megin á landinu og ekki yrði skroppið á milli um helgar. Og segja má að eftir það varð ekki aftur snúið nema í heimsóknum á sumrum. Ég var í Eyjum þegar gosið reidi yfir í janúar 1973. Var nýbyrjaður í Slökkviliði Vestmannaeyja og Björgunarfélaginu sem varð til þess ég var allan tímunn út í Eyjum meðan gaus og þegar hreinsun og uppbyggingin hófst.

Þetta var lengsta brunaútkall sem ég hef tekið þátt í og stóð það í sex mánuði. Eitt sinn sem oftast þegar ég og vinir mínir úr Eyjum skruppum til höfuðborgarinnar að skemmta okkur var ég svo heppinn að kynna Ingibjörgu konu minni. Hún var í námi í Kennaraháskólanum og kom svo í æfingakennslu við barnaskólann í Vestmannaeyjum. Við ákváðum að fara að búa saman leigðum, íbúð og hún sló náminu á frest.

## Tveir útvegsbærir

„Það var ekki svo mikill munur á Siglufirði og Vestmannaeyjum,“ heldur Sigurður áfram. „Þetta eru tveir útvegsbærir þar sem lífið snerist um fisk. Munurinn var sá að Siglufirðingar byggðu mikið á síld meðan hún veiddist en bolfiskurinn var og er undirstaðan í Eyjum. Báðir bæirnir voru nokkuð einangraðir. Annar umlukinn sjó, hinn illfærur fjöllum. Svo varð mikið atvinnuleysi á Siglufirði þegar síldin hvarf. Ástand sem Eyjamenn þekkja lítið til. Mesti munurinn var að oftast var snjólaust í Eyjum á meðan allt var á kafi á Siglufirði.“

## Vildi vera í nánd við sjóinn

Um áramótin 1978 til 1979 fluttu Sigurður og Ingibjörg upp á land og

hún hélt áfram sínu námi en Sigurður fékk vinnu sem rafvirki hjá góðum manni, Skúla Júlíussyni sem var með verkstæði við Skólabraut sem nú heitir Kirkjubraut á Seltjarnarnesi. „Við Ingibjörg héldum í fyrstu til hjá ömmu hennar í Drápuhlíðinni en fluttum síðan á Eiðistorg 1 árið 1982 í nýbyggt húsnæði. Þar kom tvennt til. Konan hafði fengið stöðu við Mýrarhúsaskóla þar sem hún starfar enn og mig langaði til að komast í nánd við sjóinn sem ég hafði vanist nábyli vð á Siglufirði og í Vestmannaeyjum. Við stækkuðum svo við okkur og fluttumst aðeins utar á Nesið – á Látraströndina.“

## Lofaði ömmu að gerast ekki sjómaður

Hvarflaði aldrei að Sigurði að gerast sjómaður nánast fæddur á sjávarbakkannum. „Jú, eftir gagnfræðapróf fór ég til sjós og var í rúm þrjú ár en ég hafði víst gefið ömmu það loforð að mér var sagt að gerast ekki sjómaður að atvinnu. Hún hafði misst of marga ættingja í hafið og vildi ekki sjá á eftir fleirum þangað. Hún barðist fyrir öryggismálum sjómanna, var formaður Slysavarnafélags kvenna á Siglufirði árum saman og var gerð að heiðursfélagi í Slysavarnafélagi Íslands. Ég starfaði fyrstu árin eftir að ég kom frá Eyjum sem rafvirki hjá Skúla Júl. og merkilegt, þá var ég aftur kominn með eðal sjálfstæðismann yfir mér. Þegar við fluttum á Seltjarnarnes var ég farinn að starfa í tæknideildinni hjá Hafskip og var það allt til þess að félagið var sett á hausinn.“

## Fékk tilboð um skóla hjá danska sjóhernum

Hvernig kom til að Sigurður endaði hjá Landhelgisgæslunni. „Þannig var að annar af tveimur sprengjusérfræðingum gæslunnar, en við vorum málkunnugir, var á sama tíma á enskunámskeiði og ég hjá Enskuskólanum. Þá barst í tal að þeir væru að leita að manni með sambærilega menntun og ég, rafmagnsfræði, kafari og fannst mér





**Sigurður að störfum.** Tundurdufl gert óvirkt um borð í togara. Hann er fyrir miðju en félagar hans Marvin til vinstri og Ásgeir til hægri.

Þetta mjög spennandi og sló til. Ég hafði lengi haft áhuga á tækjum og tólum sem tengjast hernaði. Ég hafði lesið mér talsvert til um þetta og nú fékk ég tilboð um að fara í skóla hjá danska sjóhernum, landher og flugher. Ég gat ekki ýtt því frá mér.

Við áttum orðið þrjú börn en slógum til. Tókum okkur upp og fluttum til Kaupmannahafnar. Gekk þar í skóla danska sjóhersins sem þá var niður á Holmen við hliðina Kristjáníu. Þetta var var mjög krefjandi nám, bæði bóklegt og verklegt. Kennslan fór

fram á dönsku og verklegi hlutinn fór fram um alla Danmörku bæði á sjó og landi. Danskan var svolítið erfið í byrjun. Þótt hún sé skyld okkar tungumáli og auðveld lestrar þá er erfitt að ná danska hreimnum. Ég man að danskur skólafélagi minn spurði mig eitt sinn hvernig mér gengi að skilja kennarann sem var frá Jótlandi. Ég kvað það ekki ganga of vel. Ég trúi því, sagði hann, vegna þess að við skiljum hann ekki heldur. En það hjálpaði mér að flest námsgögnin voru á ensku.“

### Grunnskólastjóri með Gammel dansk á foreldradegi

Sigurður segir að lífið hjá Dönun hafi verið um margt svipað og við eigum að venjast en annað þó með öðrum hætti. „Dæmi um það var að ekki mátti fara með kaffi inn í kennslustofurnar. Kaffið gæti sett blett í námsbækurnar en allt í lagi að taka bjór með. Bjórinn var þeim nánast heilagur. Annað sem ég minnst frá þessum tíma var að eldri dóttir okkar var í skóla á Friðriksbergi. Eitt sinn var hátíð í

skólanum á 100 ár afmæli og var haldið uppá það á laugardegi og foreldrum boðið. Skólustjórinn var með Gammel dansk og bauð öllum stau. Það er sem ég sæi þetta gerast hér heima.“

### Tundurduflabelti í Atlantshafi

Hvað tók svo við hér heima. „Eftir heimkomuna samhliða sprengju-starfinu vann ég sem rafvirki og ýmis störf hjá gæslunni. Ég starfaði mest í landi þegar skipin voru í höfn. Þurfti lítið að fara með þeim út á sjó þótt það gerðist stöku sinnum. Um þetta leyti voru að koma fyrstu tölvurnar og hafði ég eftir meistaranám í rafvirkjun tekið nokkur námskeið í tölvustýringum, þannig að í mörg ár sá ég um tölvukerfi gæslunnar ásamt öðrum, bæði í skipum, loftföllum og stjórnstöð allt til ársins 2007 að ég snéri mér alfarið að stýra sprengjudeild og síðan séraðgerðasviði undir það heyrir einnig köfunarsvið.“

**Framhald á bls. 10.**

## Viðskiptavinir Landsbankans eru ánægðari



Við erum glöð og þakklát að mælast efst banka í Íslesku ánægjuvöginni annað árið í röð.

Ánægja ykkar hvetur okkur áfram til að veita framúrskarandi þjónustu og verða betri banki á öllum sviðum.

Framhald af bls. 8-9.

## Mikið af duflum og sprengjum í kringum landið

„Þótt Ísland sé ekki hernaðarland þá var það hernumið á árum síðari heimsstyrjaldarinnar. Hér voru um 50 þúsund hermenn þegar flest var. Á þeim tíma var lagt út miklum fjölda tundurdufla hér við land. Bretar reyndu að loka siglingaleiðinni út á Atlantshaf með því að koma fyrir tundurduflabeltum milli Íslands og Skotlands og milli Íslands og Grænlands. Þessi dufl gátu ýmist sprungið við það að skip rækist utan í þau, skynjun á röskun segulsviðs þegar skip siglir fram hjá eða sprungu vegna hávaða frá skrúfu skipsins. Þau voru sérstaklega ætluð til að granda kafbátum. Bretar lögðu einnig tundurduflum í nokkra firði hérlandis, Hvalfjörð, Eyjafjörð og Seyðisfjörð. Þessi dufl voru sprengd með stýringu úr landi ef grunur var um kafbát í grenndinni. Þjóðverjar lögðu einnig tundurduflum við landið. Þau voru flutt með sérbúnum kafbátum. Slíkir bátar komu þrisvar hingað og voru með 66 dufl í hverri ferð. Þessum duflum var lagt í Faxaflóa, undan Garðskaga, undan Látrabjargi og út af Austurfjörðum.“

## Komast yfir gögn í Danmörku

Sigurður segir að í stríðinu hafi það verið eitt af meginverkefnum Landhelgisgæslunnar að skjóta á dufl sem voru á reki og sprengja þau þannig eða að sökkva þeim. Síðan voru þjálfaðir valdir menn víða um landið til að gera sprengjubúnað þeirra óvirkan þar sem þau hafi rekið á fjörur eða komið í veiðarfæri fiskiskipa. Tundurdufl eru enn að koma upp þótt þeim hafi fækkað verulega eftir því sem lengra hefur liðið. „Þegar ég var í námi í Danmörku komst ég yfir gögn í skjalasafni danska sjóhersins sem sýndu hvar þjóðverjar höfðu lagt tundurduflum en þeir lögðu ekki girðingar á sama hátt og Bretar. Ég fékk að afrita þessi gögn og kom með þau heim. Við gátum því kortlagt þessar lagnir en við höfum áður upplýsingar um bresku girðingarnar. Nú eru þessar girðingar löngu slitnaðar niður en stöku dufl eru enn að koma í veiðarfæri skipa. Þetta á líka við um djúpsprengjur, flugvélasprengjur og tundurskeyti sem ekki hafa sprungið og misst marks.“ Sigurður segir að sprengjudeildin sinni líka verkefnum á landi. Þar sem hættulegra hluta verði vart. „Það er sem betur fer

ekki mikið um sprengjurerð í heimahúsum hér á landi. Eitt hvað hefur þó verið um að strákar hafi verið að búa til rörasprengjur, sem er lífshættuleg iðja. Einnig sjáum við um þjálfun áhafna í valdbeiting, skyndihjál, þrekþjálfun og köfun. Landhelgisgæslan er lögregla á sjó.“

## Gömul hergögn verða ekki hættuminni

Sigurður segir það misskilning að þessi gömlu hergögn verði hættuminni eða hættulaus með tímanum. „Þvert á móti verði þau oft mun hættulegri. Sprengiefnið verður viðkvæmara og öryggisbúnaður þeirra er oft illa farinn eða ónýtur. Þannig að sprengjan getur sprungið fyrir annan og minni tilverknað heldur en upphaflega var gert ráð fyrir. Sprengjudeildin annast einnig um athaganir á grunsamlegum hlutum sem reka á fjörur og kom í veiðarfæri og ekki er vitað hvaðan þeir koma eða um virkni þeirra. Það er oftast töluverð vinna að finna upplýsingar um þessa hluti. Gæslan var með samning við setuliðið síðustu 10 árin sem þeir voru hér og vorum við einnig þeirra sprengjusérfræðingar. Sprengjudeildin er mjög vel búin tækjum og starfsmenn hennar hafa hlotið þjálfun eftir stöðlum NATO í skólum danskra og breskra hernaðaryfirvalda sem stöðugt er haldið við með æfingum og endurþjálfun. Á undanförunum árum hafa verkefni deildarinnar verið frá 70 til 100 á ári.“

## Bólusettu kindur fyrir Jónas bónda í Æðey

Ég man sérstaklega eftir einu skemmtilegu. Eitt sinn hafði samband við okkur Jónas nokkur sem var með búskap í Æðey í

Ísafjarðardjúpi. Hann sagðist vera með gamalt dínami út í eyju sem hann þyrfti að losna við, hvort við gætu hjálpað honum með það. Við skoðun kom í ljós að þyrlla frá okkur væri að fara vestur á Straumnesfjall með viðgerðarmenn en þar er gæslan og 112 með fjarskiptabúnað.

Við fórum tveir sprengjusérfræðinga og Jónas með þyrlluni en hann hafði verið staddur í Reykjavík. Við vorum fljótir að koma þessu dínami fyrir kattarnef og þá beið okkar veisla heim á bæ, ný steiktur kjúklingur með öllu. Eftir matinn spurði Jónas hvort við gætum ekki aðstoðað hann við lítilræði þar sem ráðsmaðurinn væri veikur og hefði farið til læknis. Já, sögðum við þar sem við vissum að það væri töluverð bið á að þyrllan kæmi til baka, spurðum við hvað verkið væri. Jú, það þarf að bólusetja kindurnar. Við fórum með honum í fjárhúsin. Þegar þangað var komið þá tókum við andköf svo megn var lyktin. Greinileg hafði ekki hafði verið stungið út úr húsinu lengi. Hann kenndi okkur handbrögðin við bólusetninguna og við óðum síðan skítinn upp í ökkla. Þegar við vorum nánast búnir þá heyrum við að þyrllan er að koma. Við kvóddum og hlupum út. Þyrllan rétt tyllti sér niður. Hurðin opnaðist og við stukkum um borð og skellt var á eftir okkur, síðan var rekið upp skaðræðisóskur og lá við að vélinni yrði nauðlent. Hurðin rifin upp og spurt, hvern andskotann voru þið að gera. Við vorum með skítinn undir skónum og lyktuðum eins og fjárhúsið. „Hér verður að láta staðar numið en ljóst að Sigurður býr yfir hafsjó af fróðleik úr margbreytilegu starfi sínu hjá Landhelgisgæslunni.“

# AS WE GROW

Umhverfisvæn íslensk hönnun



WWW.ASWEGROW.IS  
GARÐASTRÆTI 2 REYKJAVÍK

## FLYTJUM BÍLA OG VÉLAR UM ALLT LAND OG TÖKUM BÍLA Í FÖRGUN - S: 840 9595



## Gangbraut og gönguljós flutt



Unnið við flutninginn við Eiðistorgið.

Nú standa yfir framkvæmdir við Nesveg og Eiðistorg. Um er að ræða flutning á gangbraut og gönguljósum.

Þetta er lokahnykkurinn í þeirri framkvæmd að gera gönguleiðir um og við Eiðistorgið og Nesveginn öruggari fyrir skólabörn og aðra gangandi vegfarendur. Breytingarnar hafa komið vel út og klárast verkið fyrir en síðar.

## Eignaumsjón 20 ára þekking og reynsla!

- » Gott viðmót
- » Fagleg þekking
- » Skilvirkar lausnir
- » Gagnsæjar upplýsingar
- » Hlutlaus og fagleg nálgun



• EIGNAumsjón

20 ára

Suðurlandsbraut 30  
108 Reykjavík  
Sími 585 4800  
thjonusta@eignaumsjon.is  
eignaumsjon.is

Kjötkompaní

# GRANDI



Hafnarfjörði & Grandi



www.kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



kjotkompani

# Aurum styrkir Bleiku slaufuna um 3,6 milljónir króna



Ágóði af sölu Bleiku slaufunnar úr gulli og silfri rennur í Vísindasjóð Krabbameinsfélagsins. Sjóðurinn hefur veitt 227 milljónum í krabbameinsrannsóknir á Íslandi á undanförunum fjórum árum.

Hjónin Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir skartgripahönnuður í Aurum og Karl Jóhann Jóhannsson, framkvæmdastjóri Aurum afhentu nýlega ágóða sölu á sparislaufum Bleiku slaufunnar. Ágóðinn nam 3.597.450 kr og seldust bæði gull- og silfurslaufurnar upp enn eitt árið enda einstaklega fallegir skartgripir til styrktar mikilvægu málefni. Allur ágóði rennur til krabbameinsrannsókna á Íslandi.

Laufey Tryggvadóttir, forstöðumaður Rannsókn- og skráningarseturs Krabbameinsfélagsins, veitti þessari glæsilegu gjöf viðtöku. „Við hjá Krabbameinsfélaginu höfum stundað rannsóknir í næstum 70 ár og vitum að rannsóknir eru forsenda þess að framfarir verði. Rannsóknir kosta mikið og því erum við afar þakklát fyrir þennan góða stuðning frá Aurum annað árið í röð.“

Laufey tók á móti styrknum ásamt Birnu Þórisdóttur, sérfræðingi í fræðslu og forvörnum og starfsmanni Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins. „Við minnum á að umsóknarfrestur um styrki í Vísindasjóðinn rennur út 2. mars og hvetjum við áhugasama um að kynna sér tilgang sjóðsins og úthlutunarreglur. Með stuðningi frábærra styrktaraðila eins og Guðbjargar og Karls í Aurum hefur sjóðurinn getað styrkt 30 rannsóknir fyrir alls 227 milljónir síðastliðin 4 ár.“

Krabbameinsfélagið þakkar Aurum innilega fyrir stuðninginn.

## FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Þar sem bólusetningum eldri borgara lýkur fljótlega þá fer nú vonandi að stytast í að reglur um fjöldatakmörkanir verði rýmkaðar og við getum farið að umgangast hvert annað nokkurn vegin eðlilega.

Engin dagskrá félags og tómstundastarfs fyrir eldri bæjarbúa vegna vorannar 2021 hefur verið gefin út til dreifingar að þessu sinni þar sem reglur varðandi samkomubann og aðrar takmarkanir hafa verið við líði í svo langan tíma og mikil óvissa ríkt frá degi til dags. Eins og staðan er núna þá er ekki áætlað að senda út dagskrá, heldur hvetjum við fólk til að fylgjast með hér í Nesfréttum, á facebooksiðunni eldri borgarar á Seltjarnarnesi ásamt auglýsingum í Morgunblaðinu bæði í blaða og netútgáfu. Einnig hvetjum við fólk að kíkja í heimsókn í aðstöðu félagsstarfsins á Skólbraut, en þar mun liggja frammi dagskrá fyrir hverja viku. Einnig er hægt að hringja í Kristínu í síma 5959147 / 8939800 og fá allar upplýsingar. Á meðan fjöldatakmörkanir eru miðaðar við 20 manns og 2ja metra reglan og grímuskyldan eru í gildi aftrar það því að ýmsir viðburðir geti átt sér stað innan félagsstarfsins. Allir föstu liðirnir okkar eru þó þegar komnir af stað, öll námskeið, billjard, jóga og handavinna, félagsvist, bingo og söngur ofl. Um leið og takmörkunum linnir er búið að skíuleggja kaffihúsaferð með menningarlegu ívafi, gaman saman samverustund í salnum, leikhústerð ofl. Einnig eru í undirbúningi námskeið af ýmsum toga.

*Fastir liðir í dagskránni framundan:*

**Kaffikrókurinn** á Skólbraut opinn alla virka daga fyrir hádegi.

**Námskeiðin í gleri** eru alla mánudaga og miðvikudaga á neðri hæð Félagsheimilisins kl. 9.00 og 13.00.

**Námskeiðin í leir** eru alla mánudaga og miðvikudaga á Skólbraut kl. 9.00 -12.00.

**Námskeið í bókbandi** er alla fimmtudaga á Skólbraut kl. 9.00 – 12.00.

**Órnámskeið / roð og leður** á þriðjudögum á neðri hæð félagsheimilisins kl. 15.30- 18.30

**Handavinna**, samvera og kaffi í salnum á Skólbraut, mánudaga og miðvikudaga kl. 13.00 – 16.00.

**Syngjum saman** alla föstudaga í salnum á Skólbraut kl. 13.00.

**Jóga-leikfimi** alla mánudaga og fimmtudaga í salnum á Skólbraut kl. 11.00.

**Kvennaleikfimi** í Hreyfilandi þriðjudaga og fimmtudaga kl. 11.30.

**Botsía** alla miðvikudaga á Skólbraut kl. 10.00.

**Út að ganga** á miðvikudögum kl. 13.00. Farið frá Skólbraut.

**Pútt í Risinu Eiðistorgi** alla þriðjudagsmorgna kl. 10.30.

**Félagsvist**. Fyrsta fimmtudag í mánuði er félagsvist í salnum á Skólbraut kl. 13.30.

Auka spiladagar auglýstir sérstaklega.

**Bingó**. Annan fimmtudag í mánuði er bingo í salnum á Skólbraut kl. 13.30.

**Billjard** alla mánudaga og fimmtudaga kl. 10.00 í Selinu.

**Vatnsleikfimi** er í sundlauginni alla þriðjudaga og fimmtudaga kl. 07.10 og kl. 18.30.

**Helgistund** á Skólbraut annan þriðjudag í mánuði kl. 13.30.

**Kyrroarstund** í kirkjunni alla miðvikudaga kl. 12.00.

Karlakaffi í safnaðarheimilinu alla þriðjudaga og fimmtudaga kl. 14.00.

Timburmenn í Valhúsaskóla og bridge-spilarar í Eiðismýri ætla að bíða þar til bólusetningu lýkur.

**Enn er hægt að skrá sig á námskeiðið fjölþætt heilsuefning 65+ inni á janusheilsuefning.is/skraning/ Um leið og bólusetningum lýkur, fjöldatakmörkunum linnir og líkamsræktastöðvar opna aftur án skilyrða þá verður boðað til kynningarfundar og æfingar hefjast.**



# Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

[www.grantthornton.is](http://www.grantthornton.is)

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

# BÓKAÐ MÁL

## SÓLKOMA

Eftir niðdimman háveturinn kemur sólin loksins gangandi á kuldaskónum yfir bílastæðið við Eiðistorg og inn um gluggann. Hún kemur með hveli og ég stend þarna bergnuminn með kaffi í hendinni, hitna allur og léttist að utan og innan og í nokkrar dýrmætar mínútur er vorið komið.

Flestir kannast við það að átta sig skyndilega á að daginn er tekið að lengja. Hækkandi sólin kemur alltaf að óvörum, hægt og rólega svo við tökum eiginlega ekki eftir neinu fyrr en allt í einu er orðið albjart á leiðinni í vinnuna.

*Kaldblár vetur  
eilíf nótt á gluggunum  
[ ... ]*

*hvernig getur vetri mögulega átt eftir að ljúka?*

Þannig kemst Kristín Svava Tómasdóttir að orði í ljóðinu „Stormviðvörðun“ og færir í letur kunnuglega skammdegistilfinningu. En vaxandi birtan vekur upp daufar minningar um vorið og það rifjast upp fyrir okkur að það kemur alltaf aftur.

Í bók sinni *Sólarhring!* fjallar Huldar Breiðfjörð meðal margs annars um íslenska skammdegið og hvernig það hefur áhrif á okkur og ræðir við ábúendur á svokölluðum forsælubæjum á Norðurlandi sem eru þeir byggðu staðir sem lengst eru án sólar yfir vetrartímann. Þó svo að fæstir sem búið hafa á þessum stöðum kvarti sérstaklega undan sólarleysinu hefur skapast þar hin ágæta hefð að fagna sérstaklega *sólkomu*, sem hefur líklega verið talsvert stærra tilefni fyrir tíma raflýsingar og nútímaþæginda. Segja má að við Íslendingar séum öll ábúendur á einum af forsælubæjum heimsins og ættum því að fagna sólkomunni og öllu sem minnir okkur á að myrkríð er ekki endalaust.

Auðvitað er ennþá miður vetur og nóg eftir af slabbi og hifandi roki en þess heldur er ástæða til að gleðjast yfir hækkandi sólinni sem gefur fyrirheit um bjartari tíð framundan. Þess vegna skulum við baka sykurpönnukökur og hella upp á gott sólarcaffi og muna að hálfnað er vor þá hafið er.

TRYGGVI STEINN STURLUSON  
BÓKAVÖRÐUR  
Á BÓKASAFNI SELTJARNARNESS



# GÓLF- MOTTUR

við innganginn  
borga sig

CORAL®

Vörn gegn óhreinindum  
og bleytu

**KJARAN**

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is  
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 - 18.



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

## FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 11-16  
alla virka daga

*Verið velkomin*

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



3. flokkur á bikarmóti unglunga.

## Keppnistímabilið er hafið í fimleikunum

Eftir afar langa keppnisþáðu var mikil spennu og eftirvænting meðal iðkenda fimleikadeildar Gróttu eftir fyrstu mótum vetrarins.

Þrepamót 2 fór fram helgina 6. – 7. febrúar í Versölum. Keppt var í 4. og 5. þrepi og átti Gróttu fimm keppendur á mótinu.

Þrepamót í 1. – 3. þrepi fór fram helgina 13. – 14. febrúar hjá Björk og áttum við 14 keppendur á mótinu. Bikarmót unglunga í hópímleikum fór einnig fram sömu helgi á Selfossi og áttum við tvö lið á mótinu. Þetta er í fyrsta skiptið í mörg ár sem Gróttu sendir lið í 4. flokki á mót á vegum fimleikasambandsins.

Við óskum öllum okkar þjálfurum og iðkendur til hamingju með góðan árangur á þessum mótum.



4. flokkur á bikarmóti unglunga.

[www.grotta.is](http://www.grotta.is)

GETRAUNANÚMÉR GRÓTTU

# 170

GETRAUNIR.IS

## Grímur Ingi og Kjartan Kári á úrtaksæfingar U18

Þeir Grímur Ingi Jakobsson og Kjartan Kári Halldórsson hafa verið valdir af Ólafi Inga Skúlasyni, landsliðsþjálfara U18 karla, til að taka þátt í úrtaksæfingum 1.-3. febrúar.

Grímur og Kjartan eru báðir fæddir árið 2003 og eiga hvor sex leiki að baki með meistaraflokki Gróttu.

Til hamingju strákar og gangi ykkur vell!



## Rut valin í æfingahóp U15

Rut Heiðarsdóttir hefur verið valin af Ólafi Inga Skúlasyni, landsliðsþjálfari U15 kvenna, í æfingahóp fyrir æfingar 10.-12. febrúar.

Rut er á yngra ári í 3. flokki kvenna og er mjög efnileg knattspyrnukona. Til hamingju Rut og gangi þér vell!



## Rakel Lóa valin í æfingahóp U17

Rakel Lóa Brynjarsdóttir hefur verið valin á æfingar hjá U17 ára landsliði kvenna dagana 22.-24. febrúar.

Æfingarnar fara fram í Skessunni undir stjórn Jörundar Áka Sveinssonar, landsliðsþjálfara U17 kvenna. Við óskum Rakel innilega til hamingju með valið og góðs gengis á æfingunum!



## Lilja, Lilja og Emelía valdar í æfingahóp U16

Þær Lilja Davíðsdóttir Scheving, Lilja Lív Margrétardóttir og Emelía Óskarsdóttir hafa verið valdar til að taka þátt í úrtaksæfingum hjá U16 kvenna dagana 15.-17. febrúar.

Knattspyrnueld Gróttu er hreykið af því að eiga þrjár stelpur í þessum hóp. Lilja og Lilja eru báðar fæddar árið 2005 og Emelía er fædd árið 2006. Þær eru því allar í 3. flokki ásamt því að æfa með meistaraflokki. Framtíðin er svo sannarlega björt!



# SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Ari Pétur Eiríksson. Hann hefur æft handbolta með Gróttu síðan hann byrjaði í grunnskóla, spilaði 12 leiki og skoraði 22 mörk í Grill66 deildinni með Gróttu í fyrra og var valinn á dögnum Íþróttamaður æskunnar hjá Gróttu. Ari er á þriðja ári í Menntaskólanum við Sund.



**Fullt nafn?** Ari Pétur Eiríksson.

**Fæðingard. og ár?** 8. júní 2002.

**Starf?** Námsmaður, handboltamaður og þjálfari.

**Farartæki?** Kia Rio.

**Helstu kostir?** Hjálpsamur og raunsær.

**Eftirlætis matur?** Nautakjöt og meðlæti klikkar ekki.

**Eftirlætis tónlist?** Allt með Bubba.

**Eftirlætis íþróttamaður?**

Lionel Messi, Carmelo Anthony og Steven Gerrard.

**Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?** Enski boltinn.

**Besta bók sem þú hefur lesið?** Ævisaga Luis Suarez.

**Uppáhalds leikari?**

Daniel Craig.

**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?** The Intouchables.

**Hvað gerir þú í fristundum þínum?** Horfi á fótbolta og hitti vini.

**Fallegasti staður sem þú hefur komið á?** Garda vatn á Ítalíu.

**Hvað metur þú mest í fari annarra?** Húmor og hreinskilni.

**Hvern vildir þú helst hitta?**

Væri til í að spjalla við Roy Keane, algjör kóngur.

**Uppáhalds vefsíða?** Fotbolti.net

**Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?** Pening.

**Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 10 milljónir í happdrætti?** Mundi bjóða fjölskyldunni minni í gott frí í sólinni og taka svo vinina á leik í Enska þegar veiran leyfir.

**Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?** Ég mundi hrinda nýjum litla sal í framkvæmd.

**Að hverju stefnir þú í framtíðinni?** Mennta mig og að ná árangri í því sem ég mun gera í framtíðinni.

**Hvað gerðir þú í sumarfríinu?** Ég æfði mikið og mætti í vinnu, svo eyddi ég frítímanum með góðum vinum.

# SPÁÐU Í VORIÐ!



**20% afsláttur af Viridian vítamínnum og bætiefnum til 3. mars. Fáðu ráðgjöf.**



**Wild Grace**  
Dekraðu við með með lífærnum húðsnyrtivörum sem virka.



**Spáðu í sumarið!**  
Allskonar falleg spáspil í Systrasamlaginu.



**Acai skálin síðan 2016.**  
ALLTAF ljúf braðgóð og holl.



**Reykelsi.**  
Án allra kemískra eiturog ilmefta. Handunnin af munkum.



[www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)

# BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK



Afgreiðslutími:  
Mán: 11-16  
Þri-fös: 11-18  
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK  
systrasamlagid.is  
@systrasamlagid  
Sími: 511 6367



# VERIÐ ÁVALLT VELKOMIN Á BÓKASAFN SELTJARNARNESS



Bókasafn  
Seltjarnarness

Við tökum hlýlega á móti þér og þínum á bókasafninu þar sem safnkosturinn er fjölbreyttur og áhersla lögð á nýjasta efnið hverju sinni. Í barnadeildinni fá börnin að njóta sín innan um bækur, föndur og spil.



Á safninu er boðið upp á viðburði fyrir alla aldurshópa og reglulega eru opnaðar sýningar í Gallerí Gróttu, fjölnotasalnum sem einnig má leigja fyrir fundi og fyrirlestra.

Það er gott að eiga notalega stund í Bókasafni Seltjarnarness.

## Opnunartími:

Mánudagar – fimmtudagar kl. 10.00 – 18.30

Föstudagar: 10.00 – 17.00

Laugardagar: 11.00 – 14.00 (1. sept – 31. maí)

Sími: 5959-170, Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is



**Bókasafn  
Seltjarnarness**